

Þriggja mánaða uppgjör Landsvirkjunar

Mettekjur og sterk fjármunamyndun

Helstu atriði árs hlutareiknings

- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 108,7 milljónum USD (14,8 mö.kr.), en var 77,3 milljónir USD á sama tímabili árið áður og hækkar því um 40,6%.¹
- Hagnaður tímabilsins var 91,6 milljónir USD (12,5 ma.kr.), en var 112,5 milljónir USD á sama tímabili árið áður.
- Rekstrartekjur námu 175,4 milljónum USD (23,9 ma.kr.) og hækka um 28,4 milljónir USD (19,3%) frá sama tímabili á árinu áður.
- Nettó skuldir lækkuðu um 136,7 milljónir USD (18,6 ma.kr.) frá áramótum og voru í lok mars 711,3 milljónir USD (96,7 ma.kr.).
- Handbært fé frá rekstri nam 144,4 milljónum USD (19,6 mö.kr.), sem er 42,9% hækkun frá sama tímabili árið áður.
- Aðalfundur samþykkti arðgreiðslu til eigenda að fjárhæð 140 milljónir USD.
- Landsvirkjun gerir ekki samstæðuárs hlutareikning með dótturfélögum sínum Icelandic Power Insurance Ltd. og Landsvirkjun Power ehf., þar sem áhrif þess eru talin vera óveruleg. Þess í stað eru reikningskilin gerð í samræmi við staðalinn IAS 27 *Aðgreind reikningsskil*.

Hörður Arnarson, forstjóri:


„Afkoma fyrsta ársfjórðungs var með miklum ágætum. Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði, sem endurspeglar afkomu grunnrekstrar Landsvirkjunar, jókst um ríflega 40% frá sama fjórðungi ársins 2022. Rekstrartekjur jukust um tæplega fimmting frá fyrra ári, sem skýrist af aukinni raforkusölu, háu raforkuverði til stórnotenda og tekjum vegna innleystra áhættuvarna. Á sama tíma lækkaði rekstrarkostnaður fyrirtækisins um 8% frá fyrra ári. Fjármunamyndunin var einnig mjög sterk á fyrsta ársfjórðungi, en handbært fé frá rekstri hækkaði á fjórðungnum um 43% frá fyrra ári og var tæpir 20 milljarðar.

Rekstur aflstöðva gekk vel á ársfjórðungnum og jókst orkuvinnsla um 5% frá fyrra ári. Á tímabilinu þurfti þó ítrekað að takmarka afhendingu á skerðanlegri orku til gagnavera og fiskmjölsframleiðenda vegna þess að raforkuverfi Landsvirkjunar er nú rekið nálægt hámarks afkastagetu. Landsvirkjun vinnur nú hörðum höndum að því að afla tilskilinna leyfa til uppbyggingar raforkuvinnslu til að uppfylla þá orkuþörf sem augljóslega er í samfélaginu, bæði almennt og vegna orkuskipta.“

¹ Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 136


Rekstur

Þróun rekstrartekna




Rekstrartekjur námu 175 m. USD á fjórðungnum, sem er 19% hækkun frá sama fjórðungi árið áður og eru þetta hæstu tekjur á einum ársfjórðungi í sögu fyrirtækisins. Landsvirkjun náði að tryggja hagstætt samningsverð á áhættuvörnum sem dempa áhrif mikilla lækkana á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum.

EBITDA og EBITDA hlutfall




Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og virðisrýrnun, EBITDA, nam 138 m. USD á fjórðungnum og endurspeglar sterkar tekjur.

Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 109 m. USD á fyrsta ársfjórðungi og endurspeglar sterkan grunnrekstur.


Áhrifaþættir á hagnað fyrir óinnleysta fjármagnsliði




Sterk fjármunamyndun

Fjármunamyndun fyrirtækisins (handbært fé frá rekstri) var um 144 m. USD á fjórðungnum, sem er 43 m. USD hærra en á sama tímabili í fyrra. Nettó skuldir (vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé fyrirtækisins) hafa lækkað um 137 m. USD frá áramótum og um 263 m. USD frá sama tíma í fyrra. Skuldsetning Landsvirkjunar heldur áfram að lækka og endurspeglar það í háu eiginfjárhlutfalli, en það er nú komið yfir 60%. Hlutfall hreinna skulda á móti rekstrarhagnaði fyrir afskriftir er nú 1,46, en var 5,30 á sama tíma árið 2019.

Nettó skuldir og eiginfjárhlutfall



Handbært fé nam 151 m. USD í lok árs 2022 og hefur lækkað um 37 m. USD frá áramótum.



Horfur í rekstri

Eftirspurn eftir raforku er mikil um þessar mundir, enda er raforkukerfið fullselt. Unnið er að því að afla tilskilinna leyfa fyrir frekari uppbyggingu orkuvinnslu. Þessi sterka eftirspurn hefur vissulega jákvæð áhrif á horfur í rekstri, en afkoma mun einnig halda áfram að litast af verðþróun á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum.

Reykjavík, 15. maí 2023

Nánari upplýsingar veitir:

Rafnar Lárusson, framkvæmdastjóri sviðs fjármála og upplýsingatækni
s. 515 9000

Um árslutareikninginn

Árslutareikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningssskilastöðlum (IFRS) og er hann í bandaríkjadöllum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

Helstu stærðir árslutareiknings í þúsundum bandaríkjadala:

	2023	2022	2021	2020	2019
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Rekstur					
Rekstrartekjur	162.032	174.884	117.907	107.954	114.107
Innleystar áhættuvörnir	13.391 (27.836) (5.118)	1.276	1.769
Rekstrartekjur samtals	175.423	147.048	112.789	109.230	115.876
Rekstrar- og viðhaldskostnaður	(37.452)	(40.562)	(37.399)	(33.677)	(36.856)
EBITDA	137.971	106.486	75.390	75.553	79.020
Afskriftir og virðisrýrnun	(26.579)	(26.470)	(26.558)	(24.479)	(26.154)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	111.392	80.016	48.832	51.074	52.866
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(2.944)	(7.960)	(10.002)	(12.981)	(14.137)
Áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага	227	5.230	6.009	7.119	7.340
Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði	108.675	77.286	44.839	45.212	46.069
Óinnleystir fjármagnsliðir:					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða	14.953	162.243	3.124 (23.792)	6.842
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða	34.723 (62.119)	(12.087)	5.902 (5.002)
Óinnleystur gjaldeyrismunur	(9.253)	788	4.909	14.124	6.937
	40.423	100.912 (4.054)	(3.766)	8.777
Hagnaður fyrir tekjuskatt	149.098	178.198	40.785	41.446	54.846
Tekjuskattur	(57.510)	(65.670)	(13.172)	(12.238)	(17.690)
Hagnaður	91.588	112.528	27.613	29.208	37.156
Efnahagur	31.3.2023	31.3.2022	31.3.2021	31.3.2020	31.3.2019
Eignir samtals	3.815.436	3.916.953	3.751.050	3.721.584	3.919.024
Eigið fé samtals	2.388.164	2.326.721	2.129.900	2.134.578	2.079.919
Skuldir samtals	1.427.272	1.590.232	1.621.150	1.587.006	1.839.105
Nettó skuldir	711.336	974.454	1.227.793	1.311.005	1.552.678
Lykiltölur					
Handbært fé frá rekstri	144.419	101.050	64.725	59.367	61.838
Fjárfestingar	(6.579)	11.143	1.998 (68.682)	(5.297)
Fjármögnun	(177.454)	(76.837)	(12.439)	(159.304)	(51.033)
Lausafé alls	263.578	252.168	263.673	187.817	371.260
Eiginfjárhlutfall	62,6%	59,4%	56,8%	57,4%	53,1%
Arðsemi eiginfjár	6,0%	10,4%	3,1%	4,5%	7,0%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld)	18,00x	8,92x	5,89x	5,65x	4,46x
Nettó skuldir / EBITDA	1,46x	2,68x	4,96x	4,47x	5,30x

Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Framtíðarsýn Landsvirkjunar er sjálfbær heimur, knúinn endurnýjanlegri orku. Fyrirtækið vinnur um 70% allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.